

FUNDARGERÐ

144. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Grunnskóli Mýrdalshrepps.

Fundartími: Þriðjudagur 18. september 2007 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðal- og varamenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.

Ritari fundarins: Sveinn Pálsson

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn

Á fundinn eru mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri og Halla Ólafsdóttir fulltrúi starfsmanna.

1. Fjárhagsstaða 31. ágúst 2007.

Útlit er fyrir að rekstur leikskólans á árinu verði um 1 m.kr. hærra en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Þetta er vegna forfalla og að teknu tilliti til hálftrar stöðu sem bætt er við frá 1. október. Aðrir rekstarliðir ættu að verða innan marka.

2. Önnur mál.

Fræðslunefnd hyggst heimsækja skólann 26. september n.k.

Aðalheiður og Halla yfirgefa fundinn.

II. Tónskólinn

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

1. Starfsmannamál.

Kristinn upplýsir nefndina um að búið sé að ráða Kitty Kovaks og Balás Stankowsky til vinnu við skólann. Kitty er í 59,5% starfshlutfalli og Balás í 36,6 % hlutfalli. Tónskólinn sér um tónmenntakennslu fyrir grunnskólann (um 30% starfshlutfall.).

2. Fjárhagsstaða 31. ágúst 2007.

Fjárhagsstaða í byrjun skólaárs er í samræmi við fjárhagsáætlun.

3. Minnispointar tónskólastjóra varðandi breytingar á skipulagi tónskólans.

Mikil aðsókn er í nám við skólann og ekki er hægt að verða við öllum umsóknum nema með því að auka við stöðugildi. Kristinn telur að hæfilegt væri að stöðugildin verði á bilinu 1,75 – 2 í stað 1,5.

Nefndin leggur til að tónskólinn fái rýmri fjárheimildir þetta skólaárið til að koma til móts við aðsókn í skólann. Þess skal þó gætt að fastar stöður verði áfram 1,5 en þar að auki komi viðbót við föst stöðugildi.

4. Nemendaskrá.

Nemendaskrá lögð fram til kynningar. Í tónskólann eru nú skráðir 46 nemendur en voru mest 35 á vorönn.

5. Önnur mál.

- a) Kristinn upplýsir að í tengslum fyrir komandi menningarhátíð verði haldið sérstakt námskeið fyrir nemendur tónskólans.

- b) Fræðslunefnd hyggst heimsækja skólann 26. september n.k.

Kristinn yfirgefur fundinn.

III. **Grunnskólinn**

Á fundinn eru mætt Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri og Victoria Jonsson fulltrúi kennara.

1. **Fjárhagsstaða 31. ágúst 2007.**

Fjárhagsstaða í upphafi skólaárs virðist vera í ágætu samræmi við fjárhagsáætlun ársins. Útlit er fyrir að launaliður rekstursins verði um 0,8 m.kr. hærri en áætlun ársins og gera þarf ráð fyrir þessu við endurskoðun áætlunar.

2. **Upplýsingar varðandi erlenda nemendur í grunnskólum.**

Efni lagt fram til kynningar.

3. **Önnur mál.**

- a) Kolbrún upplýsti að búið væri að senda út kjörseðla vegna foreldraráðs. Heilsuvika verður í næstu viku í tengslum við komandi menningarhátíð. Fyrirhuguð er önnur kynnisferð mánudaginn 24. september n.k. á Álftanes og til Grindavíkur vegna Uppeldis til ábyrgðar.

- b) Fræðslunefnd hyggst heimsækja skólann 26. september n.k.

Kolbrún Ósk og Victoria yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl:18:10

Ívar Páll Bjartmarsson

Björgvin Jóhannesson
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Guðný Sigurðardóttir

Andrína Guðrún
Erlingsdóttir